

Upplýsingar um skilunardeild Landspítala og blóðskilun

Velkomin í blóðskilun á skilunardeild Landspítala við Hringbraut. Hér er fjallað um deildina, hverjir starfa þar og hvernig hlutirnir ganga fyrir sig.

Staðsetning og opnunartímar

Skilunardeildin er staðsett á Landspítalanum við Hringbraut, í eldhúsbyggingu á 4. hæð. Stysta aðkoma á deildina er frá inngangi við Eiríksgötu, sjá mynd 1. Deildin er opin kl. 8-20 mánudaga til föstudaga og kl. 8-15 um helgar. Opnið er alla daga ársins, einnig á hátíðum.



Mynd 1. Inngangur á Landspítala.

Undirbúningur heima

- Gott er að koma í þægilegum, viðum fötum sem auðvelt er að þvo. Við val á fötum er gott að hafa í huga að blóð og aðrir vökvar geta farið í þau. Ef aðgengi að æð er í handlegg er þægilegt að vera í stuttermabol eða hlýrabol þannig að auðvelt sé að komast að því. Ef aðgengi er uppi við háls er best að vera í hlýrabol, skyrtu eða blússu sem hægt er að hneppa alveg niður að framan.
- Af tillitssemi við samsjúklinga og starfsfólk er ráðlagt að forðast ilmsterkar snyrtivörur. Það á einnig við gesti sjúklinga.
- Mælt er með að borða heima áður en komið er í blóðskilun. Boðið er upp á létt snarl og drykk. Leyfilegt er að koma með nesti með sér.
- Taka þarf með sér í fyrstu blóðskilun öll lyf sem notuð eru hvort sem þau eru lyfseðilskyld eða ekki. Læknir deildarinnar fer yfir þau og skráir í kerfi Landspítala.

Koma á skilunardeild

Við komu á skilunardeild lætur þú ritara vita af komu þinni og bíður síðan á biðstofunni þar til komið er að þér. Meðan beðið er, ert þú beðinn að vigta þig og skrá þyngdina á blað, sjá mynd 2. Starfsmaður aðstoðar við að fara á vigtina, ef með þarf. Út frá þyngd fyrir blóðskilun er metið hve mikinn vökva þarf að fjarlægja úr líkamanum í skiluninni.



Mynd 2. Vigt á biðstofu.



Mynd 3. Handþvottur.

Handhreinsun er mikilvægur þáttur í að hindra útbreiðslu sýkinga. Vinsamlega þvoðu eða sprittaðu hendur við komu á deild og við brottför, sjá mynd 3.

Ef fistill eða æðagraftur (gerviað) er í handlegg á að þvo húðsvæðið áður en farið er í meðferðarstæðið. Starfsfólk veitir aðstoð eftir þörfum. Sjálfsagt er að spyrja starfsfólk hvort það hafi hreinsað hendur áður en það sinnir þér. Starfsmaður lætur vita þegar komið er að þér og fylgir þér í stæðið ef þörf er á.

Meðan á meðferð stendur

Rými er fyrir 18 sjúklinga í einu á deildinni. Það eru tveir fimm manna salir, tveir þriggja manna og tvö einbýli. Sjúklingum er raðað í herbergin eftir því hve mikla umönnun og eftirlit þeir þurfa, sjá mynd 4.



Mynd 4. Meðferðarsalur.



Mynd 5. Stæði sjúklings og blóðskilunarvél.

Hver sjúklingur fær læstan skáp til að geyma verðmæti í og teppi sem hægt er að breiða yfir sig á meðan á meðferðinni stendur. Vertu viss um að bjalla og borð séu innan handar áður en starfsmaður yfirgefur stæði, sjá mynd 5.

Fylgst er með líðan og líkamlegu ástandi meðan á blóðskilun stendur. Blóðþrýstingur og púls er mældur að minnsta kosti þrisvar sinnum og oftast ef ástæða þykir til og þyngd mæld aftur eftir hverja blóðskilun.

Ýmislegt er hægt að gera til afþreyingar á meðan á meðferð stendur. Við hvert stæði er sjónvarp og útvarp með nokkrum stöðvum sem hægt er að horfa eða hlusta á. Aðgangur að þráðlausu neti er í boði. Hægt er að lesa bók, gera handavinnu eða aðra afþreyingu sem veldur ekki truflun á meðferðinni. Þeim sem vilja og geta stendur til boða að hjóla á sérstökum æfingahjólum sem eru á deildinni. Sérhæfður starfsmaður aðstoðar við að komast á hjólið og af því. Hafir þú áhuga á að hjóla láttu starfsfólk vita af því. Þeim sem vilja og geta stendur til boða að hjóla.

Heimsóknir eru leyfðar á meðan á blóðskilun stendur sé þess óskað. Við ákveðnar aðstæður getur þurft að biðja gesti að víkja úr salnum s.s. við tengingu við blóðskilunarvél, aftengingu og brað tilvik. Gestir eiga að vera í stæði sjúklings og virða friðhelgi annarra sjúklunga.

Tímar í meðferð

Læknir gefur fyrirmæli um blóðskilun. Hún er framkvæmd í fyrstu skiptin oft en stutt í einu til að koma í veg fyrir óþægindi sem geta komið fram ef úrgangsefni eru hreinsuð of hratt úr líkamanum. Tíminn er síðan lengdur, oftast í 3-4 klukkustundir í senn þrisvar sinnum í viku. Þá er úthlutað föstum tíma í blóðskilun. Hver sjúklingur á sína föstu tíma að deginum til og vikudaga. Tímar eru fyrir hádegi og eftir hádegi alla virka daga og fyrir hádegi um helgar.

Ef fasti tíminn sem úthlutað er hentar ekki, er hægt að biðja um aðra tíma sem henta betur. Ekki er víst að hægt sé að verða við því strax. Sé þörf á að breyta tíma vegna sérstakra atburða, s.s. jarðarfara, afmælis, læknisheimsóknar, er reynt að verða því. Óskir um breytingu á tíma þarf að ræða við vaktstjóra dagsins eða deildarstjóra. Gott er að bera beiðnina upp eins tímanlega og hægt er. Þau tilvik geta komið upp að þú verðir beiðinn um að breyta þínum tíma vegna annars sjúklings.

Fyrir þá sem búa á höfuðborgarsvæðinu má gera ráð fyrir að hver blóðskilun ásamt ferðatíma vegna hennar taki 4-6 klst. Ekki er æskilegt að keyra til og frá spítalanum í fyrstu skiptin. Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) niðurgreiða ferðakostnað til og frá spítalanum að hluta, óháð ferðamáta.

Teymið þitt í blóðskilun

Meðferð sjúklinga í blóðskilun byggir á samvinnu margra starfsstétta sem koma beint að umönnuninni en aðrar óbeint. Starfsstéttirnar eru:

- Læknar, bæði nýrnasérfræðingar og deildarlæknir. Þeir eru til staðar á meðan á meðferð stendur. Nýrnasérfræðingar skipta með sér viðveru á deildinni.
- Hjúkrunarfræðingar sem starfa á deildinni hafa hlotið þjálfun í hjúkrun sjúklinga í skilun. Þeir sjá um alla meðferð, frá því sjúklingur kemur og þar til hann fer. Hver þeirra ber ábyrgð á hjúkrun ákveðinna sjúklinga, oftast þriggja, á hverri vakt.
- Sjúkraliðar starfa við hlið hjúkrunarfræðinga við umönnun sjúklinga. Þeir aðstoða sjúklinga við komu og brottför ef þeir þurfa.
- Sérhæfður starfsmaður sér um mat, drykk og þrif.
- Ritari sér um að innrita og útskrifa sjúklinga, annast sínavörslu, pantanir og önnur ritarastörf.
- Tæknimaður sér um viðhald og viðgerðir á blóðskilunarvélum. Einnig sér hann um eftirlit og viðhald á vatnshreinsikerfi deildar.
- Félagsráðgjafi aðstoðar sjúklinga með félagsleg réttindi sín t.d. samskipti við vinnuveitanda, stéttarfélag og SÍ.
- Næringarfræðingur ráðleggur hverjum sjúklingi um mataræði.

Auk ofan talinna stétta starfa í tengslum við deildina sjúkraþjálfari, lyfjafræðingur, sálfræðingur, prestur og fleiri heilbrigðisstéttir. Ef óskað er eftir þjónustu þessara starfstétta á spítalanum er hægt að biðja starfsfólk deildarinnar um hana.

Stofugangur er að öllu jöfnu aðra hvora viku. Æskilegt er að koma þá með beiðnir um endurnýjun lyfja og vottorða. Þá er einnig hægt að bera upp mál sem þér liggja á hjarta. Leitað er til heilsugæslu með erindi sem ekki lúta beint að nýrnabilunni.

Blóðprufur eru teknar reglulega einu sinni í mánuði og farið er yfir niðurstöður þeirra á stofugangi. Blóðprufur eru einnig teknar ef einhverjar breytingar verða á líðan og ástandi.

Samskipti og þagnarskylda

Allir starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um aðra sjúklinga. Stundum þarf að ræða viðkvæm mál fyrir allra eyrum. Við biðjum þig að halda því sem þú heyrir á deildinni fyrir þig. Viljir þú ræða viðkvæm mál í einrúmi við starfsmann er sjálfsgaet að óska eftir því. Hægt er að gera það eftir að meðferð lýkur eða undirbúa það í tengslum við næstu meðferð. Starfsmönnum Landspítala ber að sýna öllum kurteisi og vænst er þess sama af sjúklingum og aðstandendum þeirra. Ofbeldi, líkamlegt eða andlegt, eða fordómar eru ekki liðið.

Ferðalög

Sjúklingar sem hafa áhuga á að ferðast geta gert það en fyrirvari þarf að vera góður. Útibúið frá skilunardeild Landspítala á Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAK) tekur á móti gestum. Ekki þarf að greiða neitt fyrir blóðskilun á SAK. Hægt er að fara í blóðskilun erlendis og skilunardeildir víða um heim taka við gestum. Sértu að velta utanlandsferð fyrir þér er gott að tala við hjúkrunarfræðing um það sem fyrst. Þá er hægt að leita að skilunardeild í nálægð við áfangastað og kanna möguleika á gestaskilun. SÍ greiðir fyrir blóðskilun erlendis samkvæmt sinni gjaldskrá. Innan Evrópska efnahagssvæðisins er oftast hægt að framvísa evrópska sjúkratryggingarkortinu. Í öðrum tilfellum getur þurft að greiða fyrir blóðskilunina á staðnum og fá endurgreitt frá SÍ við heimkomu. Hugsanlegt er að endurgreiðslan frá SÍ dugi þó ekki fyrir útlögðum kostnaði.

TIL ATHUGUNAR

Mælt er með að sjúklingar fylgi skipulagðri meðferðaráætlun og fullnýti tímann í blóðskilun. Regluleg blóðskilun er nauðsynleg fyrir heilsu þína og líðan þar sem hvert skipti kemur aðeins að litlum hluta í staðinn fyrir starfsemi nýrna. Mikilvægt er því að mæta þrátt fyrir tilfallandi veikindi og þó veður eða færð séu slæm. Hafðu samband við skilunardeildina ef þú ert í vafa.

Símanúmer

Skilunardeild: Opið kl. 8-20 mánudaga til föstudaga og kl. 8-15 um helgar, s. 543 6310 eða 543 6315.

Skiptiborð Landspítala: Opið allan sólarhringinn, sími: 543 1000.

Vakni spurningar við lestur þessa efnis eða síðar er sjálfsgagt að bera þær upp við starfsfólk deildarinnar.

Fræðsluefni um blóðskilun

Blóðskilun - [Upplýsingar fyrir sjúklinga og aðstandendur](#)

Blóðskilun - [Umgengni við fistil](#)

Blóðskilun - [Umgengni við æðagraft](#)

Blóðskilun - [Umgengni við ígræddan blóðskilunarlegg](#)